

Alþingi
Erindi nr. P 131/1419
komudagur 20.4.2005



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavík
Sími 563 8300 • Fax 563 8350

Reykjavík 19. apríl 2005.

Allsherjarnefnd Alþingis,
b. t. Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Allsherjarnefnd Alþingis sendi Happprætti Háskóla Íslands til umsagnar frumvarp til laga um happprætti með bréfi dags. 8. apríl sl. Um er að ræða 675. mál, heildarlög.

Af hálfu happprættisins er lagt til að 1. málslíður 1. mgr. 2. gr. hljóði þannig:

Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happprætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.

Ástæður þessar tillögu eru eftirfarandi. Af dómum Evrópudómstólsins í Luxemburg verður ráðið, að ekki sé heimilt að takmarka frjálst flæði þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu nema með lögum, sem hafa það að markmiði að tryggja allsherjarreglu og neytendavernd. Þess vegna er nauðsynlegt að mati stjórnar Happprættis Háskóla Íslands að taka af skarið á hvaða grunnrökum lögin eru byggð.

Virðingarfyllst,

F. h. Happprættis Háskóla Íslands,


Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri